

Miðvikudaginn 10. febrúar 1937.

Nr. 153/1936. Valdstjórnin

gegn

Jóni Einarssyni, Árna Júlíusi Jónssyni, Páli Friðvin Jóhannssyni, Þórði Ingþórssyni, Þorsteini Jóhannessyni og Sölva Elíassyni

Úrskurður hæstaréttar.

Fyrir hæstarétti er fram komið í máli þessu bréf borgarstjóra Reykjavíkur, dags. 2. okt. 1931, þar sem segir, að bæjarstjórnin hafi samþykkt að leigja bifreiðastöðinni Heklu eitt bílstæði í Lækjargötu fyrir framan afgreiðslu bifreiðastöðvarinnar fyrst um sinn fyrir 25 króna mánaðarleigu. Áður en dómur verður lagður á mál þetta þykir rétt að skylda héraðsdómarann til þess að láta fram fara framhaldsrannsókn um það, hvort bifreiðastöðin Hekla hafi þann 1. apríl f. á. enn haft bílstæði þetta til afnota, og ef svo reynist, hvort einhver þeirra bifreiða, sem hinir kærðu stýrðu þá (R. E. 333, 782, 820, 830, 898 og 990), hafi þá á því bílstæði verið, og ef því er að skipta, þá hver.

Einnig ber héraðsdómaranum að afla upplýsinga um það, hvort áðurnefndar bifreiðar hafi fyrrnefndan dag staðið á Lækjargötunni eftir skipun eða annars með vitund og vilja fyrirsvarsmanns bifreiðastöðvarinnar Heklu.

Þá verður og að skylda héraðsdómarann til að afla upplýsinga um það, hvort hinir kærðu Þorsteinn Jóhannesson, eigandi bifreiðarinnar R. E. 898, Páll Friðvin Jóhannsson, eigandi bifreiðarinnar R. E. 782, og Sölvi Eliasson, eigandi bifreiðar-

innar R. E.990, hafi haft heimild til að láta bifreiðir þessar standa í porti h.f Shell á leigulóð þess bak við húsið við Lækjargötu 4, svo og, hversu mörg bílstæði bifreiðastöðin Hekla hafi í nefndu portu.

Auk þessa ber héraðsdómaranum að afla upplýsingu um öll þau atriði, er framhaldsskýrslur í málinu kunna að veita tilefni til.

Því úrskurðast:

Héraðsdómaranum ber að framkvæma framhaldsrannsókn um öll framantalin atriði svo fljótt sem unnt er.

Miðvikudaginn 10. febrúar 1937.

Nr. 156/1936. Hreppsnefnd Kaldrananeshrepps f. h. hreppsins (Pétur Magnússon)
gegn

Guðjóni Jónssyni (Garðar Þorsteinsson).

A bjó í hreppnum X, en átti jörð í hreppnum Y. Hann talinn útsvarsskyldur í hreppnum Y af hlunnindum af jörð sinni, sem nytjuð voru á hans ábyrgð og áhættu.

Úrskurður fógetaréttar Strandasýslu 31. júlí 1936: Hin umbeðna lögtaksgjörð skal ekki fram fara.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem hefir fengið gjafsókn hér fyrir rétti og sér skipaðan talsmann, krefst þess, að hinn áfrýjaði fógetaréttarúrskurður verði úr gildi felldur.